109 12. Var framlagt brjef landshöfðingjans yfir Íslandi til amtsráðsins, dags. 3. jan. þ. á., þar sem hann, með skírskotun til 60. gr. í tilsk. 4. mai 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, æskir álits amtsráðsins um það, hvort ekki sje ástæða til að útvega heimild til þess, að Ísafjarðarkaupstaður greiði ekki framvegis neitt jafnaðarsjóðsgjald, en taki að sjer þau útgjöld, sem hingað til kynnu að hafa verið goldin fyrir hann úr jafnaðarsjóðnum. Amtsráðið ljet í ljósi það álit sitt, að eðlilegast væri, að sama regla gilti í þessu efni um kaupstaðinn Ísafjörð sem um Reykjavík.

13. Forseti skýrði ráðinu frá, að amtmaður hefði fyrir hönd amtsráðsins heitið meðgjöf með heyrnar- og málausri stúlku, Guðrúnu Kirstjánsdóttur frá Hofsstöðum í Stafholtstungum fyrir síðastliðinn vetur, allt að 100 kr., ef henni væri komið fyrir á góðu og vönduðu heimili til að læra þar það, sem föng væru á, þar á meðal alla sveitavinnu, er kvennmenn venjulega læra, og sömuleiðis hefði amtmaður lofað 80—100 kr. meðgjöf úr jafnaðarsjóðnum, fyrir sama tíma og í sama skyni, með heyrnar- og málleysingjanum Jónínu Guðmundínu Jóhannsdóttur úr Kaldrananeshreppi í Strandasýslu. Amtsráðið samþykkti að greindar meðgjafir væru greiddar úr jafnaðarsjóðnum í þetta sinn.

14. Var framlagt brjef frá sýslumanni Ísafjarðarsýslu, dags. 22. marz þ. á., þar sem hann skýrir frá, að sýslunefndin þar hafi ályktað að veita allt að 2000 kr. til að leggja málþráð (telefon) frá Ísafirði til Bolungarvíkur, og beiddist fyrir nefndarinnar hönd samþykkis til að taka fje þetta af sýsluvegagjaldi sýslunnar, sem lagt hefur verið upp hin síðustu ár í því skyni að nota það til eflingar gufubátsferða, sem nú muni mega telja víst að komist á, án þess til fjár þessa þurfi að taka. (Frh.).

110 **Auglýsing**

um póstmál.

Samkvæmt auglýsingu 3. maí 1872 og 9. grein auglýsingar um verksvið landshöfðingja 22. febr. 1875 hef jeg skipað svo fyrir, að á verzlunarstaðnum Sauðárkrók skuli vera póstafgreiðsla í stað brjefhirðingar þeirrar, er þar hefur áður verið.

Þetta auglýsist hjermeð almenningi.

Reykjavík 3. septbr. 1890.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

EMBÆTTASKIPUN o. fl.

30. ágúst skipaði biskup eptirnefnda presta, er allir höfðu um hríð gegnt prófastsstörfum sem settir, til að vera prófasta í prófastsdæmum þeim er hjer segir:

Sjera *Sigurð Gunnarsson* að Valþjófsstað í *Norður-Múla*prófastsdæmi.

Sjera *Zophónías Halldórsson* að Viðvík í *Skagafjarðar*prófastsdæmi.

Sjera *Kjartan Einarsson* að Holti í *Rangárvalla*prófastsdæmi og

Sjera *Árna Jónsson* að Skútustöðum í *Suður-Þingeyjar*prófastsdæmi.

13. septbr. var landritari *Hannes Hafstein* settur af landshöfðingja til þess fyrst um sinn að gegna málfærslumannsstörfum við landsyfirrjettinn ásamt sínu eigin embætti.